



Alþingi  
Nefndasvið Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 29. apríl 2020  
Tilvísun: 202004-0019

**Efni: Umsögn ASÍ um tillögu til þingsályktunar um aðgerðir í þágu atvinnulausra vegna COVID 19- heimsfaraldursins, 723 mál.**

Alþýðusamband Íslands hefur fengið til umsagnar tillögu til þingsályktunar um aðgerðir í þágu atvinnulausra vegna COVID 19- heimsfaraldursins, 723 mál.

ASÍ styður heilshugar markmið tillögunar um að styrkja réttindi og hækka fjárhæðir í atvinnuleysistryggingum til að mæta tekjufalli þess stóra hóps sem nú er án atvinnu og allt útlit er fyrir að fari enn stækkandi á næstunni. Greiðsluvandi vegna tekjumissis er mesta hættan sem steðjar að fjárhag heimilanna við núverandi aðstæður. Efling atvinnuleysisbótakerfisins dregur verulega úr líkum á að einstaklingar og fjölskyldur sem verða fyrir atvinnumissi lendi í íþyngjandi fjárhagserfiðleikum til lengri tíma sem leitt geta af sér bæði félagslegan vanda og óöryggi í húsnæðismálum. Slíkar aðgerðir styðja jafnframt við kaupmátt heimilanna sem skiptir sköpum til að ná viðspyrnu í efnahagslífinu á ný.

Alþýðusambandið ítrekar því það sem komið hefur fram af hálfu sambandsins um mikilvægi þess að atvinnuleysistryggingakerfið verði styrkt með hækkun bótafjárhæða, lengingu tímabils tekjutengingar, hækkun stuðnings vegna barna og bættri réttarstöðu námsmanna. Grunnbætur atvinnuleysistrygginga eru nú ríflega 289.510 kr. sem er umtalsvert lægri en lágmarkstekjutrygging á vinnumarkaði sem nú er 335.000 kr. en bótafjárhæðir hækkuðu einungis um 3,5% á árinu á sama tíma og lægstu laun hækkuðu um 5,7%.

Þá bendir ASÍ á nauðsyn þess að lögum um atvinnuleysistryggingar verði þegar breytt þannig að atvinnuleitendur sem hafa starfað hjá fyrirtækjum sem verða gjaldþrota geti fengi greiðslur úr Atvinnuleysistryggingasjóði frá úrskurðardegi. Slíkt felur ekki í sér



viðbótarkostnað fyrir sjóðinn, enda tryggt með greiðslum úr Ábyrgðasjóði launa en hefur mikla þýðingu fyrir einstaklinga sem verða fyrir skyndilegum tekjumissi.

Loks telur ASÍ brýnt að hefja þegar vinnu við endurskoðun laga um atvinnuleysistryggingar til að tryggja nauðsynlegan sveigjanleika og bæta frekar réttarstöðu atvinnuleitenda.

Virðingarfyllst,

Henný Hinz  
hagfræðingur ASÍ

Velferðarnefnd Alþingis

Nefndasviði Austurstræti 8 – 10

150 Reykjavík


Reykjavík, 4. maí 2020

**Efni: Umsögn BHM um tillögu til þingsályktunar um aðgerðir í þágu atvinnulausra vegna COVID19-  
heimsfaraldursins, 723. mál á 150. löggjafarþingi.**

BHM styður hækkun fjárhæða atvinnuleysisbóta og telur brýnt að sú hækkun komi fram sem fyrst. Ekki þarf að fjölyrða um ástandið á vinnumarkaði vegna heimsfaraldursins sem nú gengur yfir. Tugþúsundir hafa misst vinnuna eða eru í skertu starfshlutfalli. Í þessari kreppu er það snögg og mikið tekjufall sem veldur búsigjum hjá launafólki og fyrirtækjum. Þessu tekjufalli verður að mæta með öllum ráðum, ekki einungis hjá fyrirtækjunum, heldur einnig hjá launafólki. Afleiðingar langvarandi tekjumissis eru margvíslegar og alvarlegar fyrir launafólk og fjölskyldur þeirra. Velferð, húsnæðisöryggi og heilsu fólks er ógnað við þessar aðstæður.

Aðalfundur BHM árið 2018 ályktaði um að afnema beri hámark tengjutengdra atvinnuleysisbóta, sem greiddar eru fyrstu þrjá mánuði atvinnuleysis, og hækka grunnatvinnuleysisbætur þannig að þær dugi til framfærslu. Í því sambandi má minna á að lágmarkstekjutrygging á vinnumarkaði er 335.000 krónur. Því er ljóst að hækka þarf fjárhæðir atvinnuleysisbóta án tafar.

Virðingarfyllt,



Þórunn Sveinbjarnardóttir,  
Formaður BHM

Nefndasvið Alþingis  
Velferðarnefnd  
Austurstræti 8 - 10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 30. apríl 2020

**Efni: Umsögn BSRB um tillögu til þingsályktunar um aðgerðir í þágu atvinnulausra vegna COVID-19-heimsfaraldursins, 723. mál.**

BSRB hefur fengið til umsagnar tillögu til þingsályktunar um hækkun fjárhæða atvinnuleysistrygginga. BSRB hefur lagt til hækkun til samræmis við taxtahækkanir lífskjarasamnings í umsögnum um fjárlagafrumvarp fyrir árið 2020 og mál sem varða efnahagsaðgerðir stjórnvalda og telur mikilvægt að atvinnuleysisbætur verði hækkaðar sem allra fyrst.

BSRB leggur til að grunnatvinnuleysisbætur hækki úr 289.510 í 320.720 en það jafngildir hækkun kauptaxta samkvæmt lífskjarasamningi á árunum 2019 og 2020. Mikilvægt er að fjárhæðir atvinnuleysistrygginga fylgi launahækkunum til samræmis við kjarasamninga.

BSRB styður liði 2-4 í ályktuninni óbreytta.

Í tillögunni er lagt til að Alþingi feli ríkisstjórninni að breyta reglugerðum og að leggja fram frumvarp til að hækkunar atvinnuleysistrygginga. Hátt í 60.000 manns eru nú atvinnulaus að öllu leyti eða að hluta. Þá munu námsmenn fljótlega ljúka skólavetrinum og erfitt verður fyrir þann stóra hóp að finna vinnu á næstunni. BSRB telur því mikilvægt að atvinnuleysisbætur hækki sem fyrst og nái einnig til námsmanna.

Fyrir hönd BSRB



Sigríður Ingibjörg Ingadóttir  
hagfræðingur

LÍS

Landssamtök íslenskra stúdenta  
The National Union of Icelandic Students  
Established 2013



Reykjavík, 1. maí 2020

## Umsögn LÍS um þingsályktunartillögu um aðgerðir í þágu atvinnulausra vegna COVID-19-heimsfaraldursins, 723. mál

Landssamtök íslenskra stúdenta (LÍS) fagna tillögu númer fjögur í þingsályktunartillögu sem lýtur að því að stúdentum verði tryggður réttur til atvinnuleysisbóta frá 1. júní til 31. ágúst 2020. Tillagan er í samræmi við [kröfu LÍS frá 24. mars 2020](#) um rétt stúdenta til atvinnuleysisbóta. Er það von LÍS að þingmenn beri hag stúdenta í brjósti sér við meðferð tillögunnar og samþykki hana í ljósi aðstæðna.

Nú ríkir mikil óvissa á meðal stúdentum, líkt og hjá mörgum öðrum samfélagsþegnum. Áhyggjur um skert framboð á sumarstörfum og aukið atvinnuleysi eru til staðar í hugum stórs hluta stúdenta. Samkvæmt [könnun Stúdentaráðs Háskóla Íslands \(SHÍ\)](#) vegna sumarstarfa og fjárhags, sem var birt 12. apríl 2020, höfðu 40% svarenda ekki enn fengið sumarvinnu. Frá því að könnun SHÍ var birt hefur staða vinnumarkaðsins farið versnandi og [þúsundir misst störf sín síðastliðna daga](#). Þann 29. apríl birti [Nemendaráð Listaháskóla Íslands \(NLHÍ\) niðurstöður sinnar könnunar](#) um sumarstörf og fjárhag stúdenta. Samkvæmt henni eru einungis 20% af stúdentum Listaháskóla Íslands komnir með tryggða sumarvinnu og önnur 14,2 telja sig líklegast með öruggt sumarstarf. Af því leiðir að 65,8% eru óörugg með vinnu í sumar. Samkvæmt EUROSTUDENT VI vinna [um 87% stúdenta í námshléum](#) og [um 68% með námi](#). Stúdentar greiða þar með í atvinnuleysistryggingarsjóð og tryggingarsjóð sjálfstætt starfandi einstaklinga án þess þó að eiga rétt á atvinnuleysisbótum. Stúdentar vinna sér inn drjúgan hluta tekna sinna yfir sumartímenn þar sem það er gjarnan eini tímenn sem stúdentar geta verið í fullu starfi. Ef stúdent verður af atvinnu yfir sumartímenn getur hann orðið fyrir verulegum tekjumissi sem getur haft alvarlegar afleiðingar með sér í för. Fyrir suma gæti farsælasta lausnin legið í því að skrá sig úr námi og leita sér að atvinnu til þess eins að geta átt rétt á atvinnuleysisbótum.

[Í kynningu á fyrstu efnahagsaðgerðum stjórnvalda](#) vegna heimsfaraldurs COVID-19 nefndi fjármálaráðherra að við þessar aðstæður væri betra að gera meira og taka af því kostnaðinn en að

gera of lítið. Langtíma ávinningur mun nást af því að reikna með atvinnuleysisbótum fyrir stúdenta á þessum erfiðum tímum þar sem það mun draga úr líkum á því að stúdentar þurfi að hverfa frá námi vegna fjárhagserfiðleika. Þó það sé fagnaðarefni að aðgerðarpakki stjórnvalda eigi að fela í sér um 3.000 störf fyrir stúdenta þá eru líkur á því að atvinnuleysi á meðal stúdenta verði það mikið að þau störf dugi ekki til. Tryggjum þeim sem falla á milli skips og bryggju björgunarhring sem getur fleytt þeim í gegnum komandi öldurót. Stúdentar eiga að hafa rétt á björgunarhring atvinnuleysisbóta rétt eins og aðrir.

Fyrir hönd Landssamtaka íslenskra stúdenta,

*Sigrún Jónsdóttir*

---

Sigrún Jónsdóttir, forseti LÍS

## **Til velferðarnefndar Alþingis.**

**Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar: Þingskjal 1251 – 723. mál, 150. löggjafarþing 2019-2020.**

Nemendafélag Háskólans á Bifröst fagnar umræddri tillögu til þingsályktunar um aðgerðir í þágu atvinnulausra vegna Covid-19-heimsfaraldursins. Sérstaklega fagnar Nemendafélagið þeirri tillögu að námsmönnum verði tryggður réttur til atvinnuleysisbóta frá 1. júní til 30. ágúst 2020.

Á allra síðustu árum hefur stuðningur LÍN við háskólakerfið í heild sinni dregist saman og hefur sjaldan ef aldrei verið jafnlítill, ef fyrri stuðningur er framreiknaður m.v. vísitölu neysluverðs (nánar tiltekið fram að meðaltali ársins 2018, og miða allar tölur í þessari umsögn við það). Veitt námslán pr. nemenda á háskólastigi voru 851 þúsund krónur árið 2013, en 380 þúsund krónur árið 2018. Veitt námslán til handa einstökum lánþegum hafa sömuleiðis dregist saman á undanförnum árum, þó upphæðirnar séu enn í takt við sögulegt samhengi – 1517 þúsund krónur að meðaltali á hvern lánþega árið 2013 og 1294 þúsund krónur á hvern lánþega árið 2017 (en á árunum 1988-2017 var hæsta meðaltalið á hvern lánþega 1532 þúsund árið 1991 og lægsta meðaltalið 1166 þúsund árið 1993).

Heildarveiting námslána hefur hriðfallið á undanförnum árum (úr 16,8 milljörðum árið 2013 á verðlagi þess árs (18,5 milljörðum á framreiknuðu verðlagi) og niður í tæplega 7,5 milljarða árið 2018), að hluta til vegna þess að hlutfall lánþega af heildarnemendafjölda á háskólastigi hefur sjaldan ef aldrei verið jafnlítið (hlutfall lánþega fór úr 56% árið 2013 niður í 36% árið 2017, en frá 1997-2015 voru lánþegar alltaf 50-60% af nemendum á háskólastigi). Á sama tíma kemur ýmislegt fram í EUROSTUDENT VI – könnun sem gerð var meðal háskólanema um mestalla Evrópu árið 2016 – sem ætti að gefa til kynna að fjöldi lánþega ætti að vera að aukast, ef eitthvað er, en ekki dragast saman.

Meðalstúdentinn á Íslandi eyðir meira en 15 klukkutímum á viku í launaða vinnu, sem er með því hæsta í Evrópu. Á Íslandi er sérstaklega mikill munur á launaðri vinnu stúdenta eftir því hvort þeir komi úr fjölskyldu með háskólabakgrunn eða ekki. Þeir sem koma úr fjölskyldum án háskólabakgrunns vinna að meðaltali meira en 5 tímum meira á viku en þeir sem koma úr fjölskyldum með háskólabakgrunn, sem er með mesta mun sem finnst í Evrópu.

Sérstaklega ætti þó að gefa því gaum að yfir 60% stúdenta hafa ekki efni á því að vera í háskóla ef þeir hefðu ekki atvinnutekjur, sem er líka með því hæsta í Evrópu.

Frítekjumark LÍN er í sjálfu sér einnig hvati fyrir námsmenn til að vinna ekki nema á sumrin, en frítekjumarkið (1330 þúsund krónur fyrir skatt) er ekki mikið yfir áætluðum tekjum meðalháskólanemans í þriggja mánaða sumarvinnu.

Í ljósi þess að stuðningur við námsmenn í gegnum LÍN hefur dregist saman, á sama tíma og námsmenn vinna almennt tiltölulega mikið, ætti að vera skýrt að námsmenn eru í viðkvæmri stöðu á þessum erfiðu tímum sem við nú lifum, og mun viðkvæmari stöðu en ef faraldurinn hefði komið upp fyrir nokkrum árum. Þannig eru tillögur um að námsmenn eigi rétt á atvinnuleysisbótum mjög skiljanlegar og í raun þarfar.

Virðingarfyllst, f.h. Nemendafélags Háskólans á Bifröst,

Bifröst, 1. maí 2020.

Leifur Finnbogason, formaður





**Umsögn Stúdentaráðs vegna tillögu til þingsályktunar um  
aðgerðir í þágu atvinnulausra vegna COVID-19 heimsfaraldursins**

*150. löggjafarþing 2019-2020  
Þingskjal 1251 - 723. mál*

Til samræmis við [kröfur Stúdentaráðs frá 12. apríl](#) sl., útgefnu efni ráðsins frá [30. mars](#) og [22. apríl](#), er þingheimur hvattur til að samþykkja 4. t.l. tillögu til þingsályktunar um aðgerðir í þágu atvinnulausra vegna COVID-19-heimsfaraldursins um að námsmönnum verði tryggður réttur til atvinnuleysisbóta frá 1. júní til 31. ágúst 2020.

*Fyrir hönd Stúdentaráðs Háskóla Íslands  
Jóna Þórey Pétursdóttir, forseti*



Alþingi  
Nefndarsvið Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík 5. maí 2020

**Efni: Umsögn ÖBÍ um tillögu til þingsályktunar um aðgerðir í þágu atvinnulausra vegna COVID-19 heimsfaraldursins, mál 723.**

Öryrkjabandalag Íslands hefur fengið til umsagnar tillögu til þingsályktunar um aðgerðir í þágu atvinnulausra vegna Covid-19 heimsfaraldursins og til að mæta fyrirsjáanlegum skorti á sumarstörfum. ÖBÍ vill koma eftirfarandi ábendingum til skila:

ÖBÍ skilur tillöguna sem svo að óskað sé eftir því við ráðherra grípi til allra nauðsynlegra aðgerða til að tryggja að höggið sem er óhjákvæmilegt í kjölfar heimsfaraldursins verði sem minnst fyrir einstaklinga hér á landi. Það er staðreynd að atvinnumissir getur haft slæm áhrif á einstaklinga og langtímaatvinnuleysi getur haft slæmar afleiðingar. Við þessu þarf að bregðast af festu og sem allra fyrst. Aðgerðir ríkisstjórnarinnar geta skipt sköpum fyrir marga einstaklinga.

ÖBÍ fagnar tillögunni og bendir á að staðan sem upp er komin, kalli á nýja hugsun í uppbyggingu vinnumarkaðar og að ríkið hafi nú tækifæri til þess að skapa aðstöðu fyrir inngildan vinnumarkað (*e. inclusive employment market*) fyrir alla.

ÖBÍ tekur jafnframt heilshugar undir það markmið tillögunnar að hækka fjárhæðir atvinnuleysisbóta til að mæta tekjufalli þess hóps sem nú þegar er án atvinnu og horfir fram á atvinnumissi á næstunni. Í því samhengi vill ÖBÍ árétta að þau grunnrök sem eiga við um hækkun atvinnuleysistrygginga eiga einnig við um hækkun á greiðslum til örorku- og endurhæfingarlífeyrisþega.

***Óvænt tækifæri til endursköpunar íslensks vinnumarkaðar***

Ljóst er að staðan á íslenskum vinnumarkaði er alvarleg en í myrkrinu getur falist ljós. Í heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna er hamrað á því að í allri sinni stefnumótun skuli

aðildarríki Sameinuðu þjóðanna sjá til þess að enginn sé skilinn eftir. Ríkisstjórnin verður að hafa í huga núna að í þeirri alþjóðlegu vinnu sem fram hefur farið varðandi endursköpun vinnumarkaðar, í átt að inngildum vinnumarkaði, felst að vinnumarkaðurinn lagi sig að fjölbreytileika fólks og að vinnustaðir lagi sig að einstaklingum, með sveigjanleika í vinnutíma og verkefnum, með hlutastörfum, og heimavinnu. Með því að skapa jöfn tækifæri fyrir alla á vinnumarkaði eru skapaðar aðstæður fyrir öflugan vinnumarkað, og einnig má segja að með því að skapa slíkar aðstæður mun Ísland fyrr komast upp úr öldudalnum.

Í covid-ástandinu kom berlega í ljós að mörg störf er hægt að vinna að heiman, sem gæti hentað vel fyrir marga í framhaldinu. Hlutastörf urðu jafnframt örsnökkð „normið“ á íslenskum vinnumarkaði. Þar eru skapaðar aðstæður fyrir inngildum vinnumarkaði.

ÖBÍ hefur í áratugi talað fyrir því að skapað verði eitt samfélag fyrir alla. Með fullgildingu samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks (SRFF) skuldbatt íslenska ríkið sig til þess að vinna að einu samfélagi fyrir alla. Í 27. gr. samningsins segir beinlínis að ríkið skuli vinna að inngildum vinnumarkaði fyrir alla. ÖBÍ hvetur til þess að, verði þingsályktunartillagan samþykkt, verði öll vinna sem unnin verður í framhaldinu í samræmi við greinina. Er þá bent á ráðleggingar nefndar Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks varðandi atvinnumál. Í þeim ráðleggingum leynist svar við því hvernig hægt er að koma til móts við fólk sem gæti þurft að hefja störf á hlutastörfum, þegar það er að hefja störf eftir atvinnumissi eða veikindi. Sérstaklega er vísað til þess sem nú er orðin lagaskylda á Íslandi með lögum um jafna stöðu á vinnumarkaði, að vinnustaðir veiti fötluðu fólki viðeigandi aðlögun. Hugtakið fatlað er skýrt þar vilt- það er í raun allir þeir sem þurfa á aðlögun að halda- eiga nú rétt á aðlöguninni svo lengi sem hún felur ekki í sér of mikla byrði fyrir vinnuveitanda, t.d. varðandi sveigjanleika á vinnutíma, sveigjanleika í verkefnum, sveigjanleika í starfshlutfalli, með tækjabúnaði, bættu aðgengi eða hverju því sem nauðsynlegt er til þess að tryggja rétt fólks til vinnu. Fleiri einstaklingar þurfa nú mögulega á slíkri aðlögun að halda í kjölfar heimsfaraldursins.

Þessa aðlögun þarf ríkissjóður að tryggja fyrir alla einstaklinga sem verða fyrir áhrifum af faraldrinum.

Atvinnuleitendur eru fjölbreyttur hópur fólks og verða þau úrræði sem stjórnvöld ráðast í að taka tillit til allra hópa á atvinnumarkaði. Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar kemur fram að stjórnvöld ætli að skipuleggja framboð hlutastarfa fyrir fólk með skerta starfsgetu. Tímabært er nú að taka þetta upp og fara markvisst í þá vinnu að bjóða fólki með skerta starfsgetu upp á fjölbreytt og sveigjanleg störf með viðeigandi aðlögun. Langtímaatvinnuleysi og sjúkdómar eins og Covid-19 geta bæði leitt til missis starfsgetu og, eins og sagt var hér að ofan, er ríkið í raun skuldbundið til þess að grípa til ráðstafana til að koma til móts við þennan hóp. Hætta er á að fatlað fólk mun fara hallloka gagnvart ófötluðu fólki og mun ekki fá störf með viðeigandi aðlögun nema sértækar aðgerðir komi til.

ÖBÍ hefur lengi lagt til að stofnaður verði sjóður til þess að koma til móts við þann kostnað sem hlýst af því að ráða fatlað fólk til vinnu. Stofnsetning slíks sjóðs væri aðgerð sem myndi vekja athygli langt fyrir utan landssteinana.

Fatlað fólk hefur nú þegar verið að missa vinnu sína vegna ástandsins og því verður að tryggja að komið verði til móts við það fatlaða fólk sem misst hefur vinnu í þessum hamförum. Ríkið er skuldbundið til þess að tryggja að allir hafi jöfn tækifæri til að snúa aftur á atvinnumarkað.

Þær aðgerðir sem grípa verður til verða að vera yfirgripsmiklar og framkvæmdar af festu. Líkur eru á að þeir efnahagslegu erfiðleikar sem við tökumst á við núna verði til þess að hlutfall atvinnulausra verði hærra en nokkru sinni fyrr og langan tíma taki að reisa atvinnulífið við. Ekki

er nóg að fara í fjárhagslegar aðgerðir til þess að aðstoða fólk við að komast í gegnum erfiða tíma heldur þarf einnig að ráðast í aðgerðir í því skyni að styðja fólk félagslega t.d. með úrræðum og námskeiðum hjá Vinnumálastofnun. Allar þessar aðgerðir ættu að sama skapi að vera innan rammans um inngildan vinnumarkað.

ÖBÍ er boðið og búið til þess að aðstoða við þessa vinnu ráðherra og minnir á 3. tölul. 4. gr. SRF sem segir til um að öllum þeim sem taka ákvarðanir varðandi fatlað fólk beri að hafa náið samstarf við fatlað fólk og hagsmunasamtök þess við alla ákvarðanatöku. ÖBÍ hefur t.d. yfir að ráða grasrótahópi sérfræðinga í málefnaþróun ÖBÍ um i atvinnu-og menntamál. Þaðan getur ráðherra sótt mikla þekkingu og reynslu.

### **Samanburður hækkanna og fjárhæða á núverandi kjörtímabili**


ÖBÍ fagnar hækkun grunnatvinnuleysistrygginga en bendir á að þau sjónarmið sem eiga við um þær hækkunir eiga jafnframt við um hækkun örorku- og endurhæfingarlífeyris.

Í þingsályktunartillögunni kemur fram að grunnatvinnuleysisbætur hafi ekki fylgt launaþróun undanfarinna missera. Hækkun lífeyris almannatrygginga hefur enn síður fylgt eða tekið mið af launaþróun undanfarinna ára, þrátt fyrir að ákvæði í 69. gr. laga um almannatryggingar svohljóðandi:


*„Bætur almannatrygginga, svo og greiðslur skv. 63. gr. og fjárhæðir skv. 22. gr., skulu breytast árlega í samræmi við fjárlög hverju sinni. Ákvörðun þeirra skal taka mið af launaþróun, þó þannig að þær hækki aldrei minna en verðlag samkvæmt vísitölu neysluverðs.“*

## Samanburður á krónutöluhækkunum örorkulífeyris, lágmarkslauna og grunnatvinnuleysisbóta

Mynd 1.



Mynd 2



Í samanburði á mynd 1 og 2 hér á undan má sjá að lífeyrir almannatrygginga<sup>1</sup> hefur hækkað enn minna en atvinnuleysisbætur síðustu ár, hvort heldur litið er til krónutölu- eða prósentuhækkanna. Munar þar mestu um að atvinnuleysisbætur voru hækkaðar um 12.460 kr. (18,7%) frá 1. maí 2018 til viðbótar við 4,7% hækkun frá 1.1.2018. Það er engin vafi á nauðsyn þess að hækka atvinnuleysisbætur, bæði þá og nú. Hins vegar er ekki síður brýnt að hækka lífeyrir almannatrygginga að minnsta kosti til jafns við atvinnuleysisbætur og á sömu forsendum (sama rökstuðning) og hækkun grunnatvinnuleysisbóta, til að koma til móts við þennan viðkvæma hóp á þessum erfiðu tímum og þó fyrir hefði verið. Lág framfærsla örorkulífeyrisþega hefur stuðlað að jaðarsetningu þeirra í samfélaginu. Öfugt við atvinnuleysisbætur er örorkulífeyri iðulega framfærsla til lengri tíma og fyrir hluta öryrkja eina framfærsla þeirra.

Í janúar 2020 hækkuðu bætur almannatryggingar og atvinnuleysisbætur um 3,5%. Í krónutölum hækkaði óskertur örorkulífeyrir um 8.651 kr. og grunnatvinnuleysisbætur um 9.790 kr. Hækkun atvinnuleysisbóta um **25.210 kr.** eins og lagt er til í þingsályktunar- tillögunni myndi þýða samtals hækkun atvinnuleysisbóta um **35 þúsund kr.** á árinu 2020. Bilið á milli óskerts örorkulífeyris og grunnatvinnuleysisbóta myndu hækka úr 33.676 kr. í 58.886 kr. Í áratugi hafa atvinnuleysisbætur, eðlilega, verið lægri en örorkulífeyrir.

	Hækkun 1.1.2020	Tillaga viðbótarhækkun	Samtals
Oskertur örorkulífeyrir	8.651 kr.	0	8.651 kr.
Grunnatvinnuleysisbætur	9.790 kr.	25.210 kr.	35.000 kr.
Mismunur			26.349 kr.

ÖBÍ styður hækkun grunnatvinnuleysisbóta og að gæta þurfi sérstaklega að láglaunafólki. Um leið áréttar ÖBÍ að á sama tíma og samhliða hækkun atvinnuleysisbóta þarf að tryggja að lífeyrir almannatrygginga hækki einnig í takti við launaþróun, sem ekki hefur verið raunin.

Í umræðu um atvinnuleysistryggingar og Ábyrgðasjóð launa kom fram að ekki væri hægt að bjóða fólki upp á að geta ekki fengið hærri hámarksgreiðslur samanlagt en 254.000 kr.

Við sem samfélag getum ekki heldur boðið lífeyrisþegum upp á að lifa á rúmum 250 þúsund kr. á mánuði fyrir skatt eins og gert er í dag. Óskertur örorkulífeyri er rúmlega 255 þúsund kr. á mánuði.

*„...Þetta eru of lágar fjárhæðir, þessi hópur getur ekki tekið á sig þetta högg. Við þurfum að tryggja að hann búi ekki við enn krappari kjör en nú er. Þessi hópur á erfitt með að eiga til hnífs og skeiðar í hverri einustu viku, hverjum einasta mánuði, sjá fyrir fjölskyldu sinni o.s.frv. Við erum nýbúin að sjá mjög áhrifaríkan Kveikspátt þar sem einmitt voru birtar aðstæður fólks í fullri vinnu sem er að reyna að framfleyta sér og fjölskyldu sinni. Við verðum að vernda þennan hóp. Það að þeir sem eru með 400.000 kr. fyrir skatt fari niður í 320.000 — það er alveg ljóst að við getum ekki gert þetta svona.“<sup>12</sup>*

Undir þessi orð tekur ÖBÍ heilshugar. Í tilfelli lágtekjulaunafólks sem missir vinnuna ákvað Alþingi að hækka viðmiðin og tryggja að launþegar sæti ekki skerðingum vegna minnkaðs

<sup>1</sup> Hækkun elli, örorku- og endurhæfingarlífeyris fellur undir ákvæði 69.gr. laga um almannatryggingar nr. 100/2007 og fá því sömu prósentuhækkun.

<sup>2</sup> <https://www.althingi.is/altext/raeda/150/rad20200317T145127.html>. Helga Vala Helgadóttir þingmaður í umræðu um atvinnuleysistryggingar og Ábyrgðasjóður launa, 76. fundur, 17. mars 2020.

starfshlutfalls ef meðaltal heildarlauna þeirra er undir 400.000 kr. á mánuði miðað við fullt starf.<sup>3</sup>

Á sama tíma er lífeyrisþegum með strípaðan lífeyrir ætlað að lifa á rúmum 250.000 kr. og örorkulífeyrisgreiðslur skertar frá fyrstu krónu annars staðar frá. Lífeyrisþegum með óskertar greiðslur frá almannatryggingum er ætlað að lifa á um 150.000 kr. lægri upphæð en Alþingi ákvað að tryggja ætti að launþegar í fullu starfi halda án skerðingar vegna minnkaðs starfshlutfalls.

## Lokaorð

ÖBÍ fagnar þessum tillögum en á sama tíma hvetur ríkisstjórnina til þess að sjá til þess að enginn verði skilinn eftir í aðgerðum ríkisstjórnarinnar. ÖBÍ hvetur þingheim til þess að samþykkja þessa tillögu og ráðherra er hvattur til þess að taka til alvarlegrar íhugunar vinnu sem unnin hefur verið innan alþjóðasamfélagsins um sköpun vinnumarkaðar sem gerir ráð fyrir öllum, nú hefur ráðherra tækifæri til að vinna að vinnumarkaði sem gerir ráð fyrir öllum einstaklingum í sínum fjölbreytileika. Þar er hægt að vinna leiðir sem myndu auðvelda ríkinu vinnu sína. ÖBÍ undirstrikar að þörf er á hækkun atvinnuleysisbóta og að sama skapi örorkulífeyris.

**Ekkert um okkur án okkar**



Þuríður Harpa Sigurðardóttir

Formaður ÖBÍ

---

<sup>3</sup> „Samtala launa frá vinnuveitanda fyrir hið minnkaða starfshlutfall og atvinnuleysisbóta samkvæmt ákvæði þessu skal ekki sæta skerðingu skv. 2. málsl. 2. mgr. ef meðaltal heildarlauna launamanns er undir 400.000 kr. á mánuði miðað við fullt starf.“ Þingskjal 1173, 150. löggjafarþing 664. mál: atvinnuleysistryggingar og Ábyrgðasjóður launa (minnkað starfshlutfall).